

Fundur skipulags- og samgönguráðs 30. júní 2021:

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skipulagsverkefni að endurskoða reglur og samþykktir v. spilakassa - US210191

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að umhverfis- og skipulagssvið ráðist í það skipulagsverkefni að endurskoða reglur og samþykktir borgarinnar með það að markmiði að minnka rekstur spilakassa og skaðlegar afleiðingar slíks reksturs. Spilafíkn veldur samfélagslegum skaða. Þrátt fyrir það eru reknir spilakassar í Reykjavík. Umræða um rekstur spilakassa og hvort rétt sé að banna slíkan rekstur hefur skapast fyrir tilstilli Samtaka áhugafólks um spilafíkn sem hafa staðið fyrir áttakinu Lokum.is, en frekari upplýsingar má finna á vefsíðu með sama nafni. Samtökin hafa dregið fram reynslusögur sem sýna svart á hvítu hversu miklum skaða spilafíkn veldur samfélaginu. Reykjavík getur takmarkað rekstur spilakassa. Jafnvel þótt engar reglur hafi verið settar um rekstur spilakassa af hálfu borgarinnar þá eru í gildi ýmsar samþykktir sem hægt er að breyta og gera þar með ítarlegri kröfur til rekstraraðila hyggist þeir reka spilakassa. Þá er hægt að takmarka verulega spilakassarekstur með því að breyta skipulagi borgarinnar. Góð byrjun væri t.d. að gera kröfu um að ekki megi selja áfengi eða veitingar í spilasölum eða að ekki megi reka spilakassa í rými þar sem fari fram veitingasala eða áfengissala. Það má að minnsta kosti hefja skoðun á því hvort slík reglusetning myndi rúmast innan heimilda borgarinnar.

Greinargerð

Spilafíkn veldur miklum samfélagslegum skaða eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á með rannsóknum. Engu að síður er rekstur spilakassa löglegur. Undanþágur voru á sínum tíma veittar til að liðka fyrir fjáröflunartækifærum og fengu Happdrætti Háskóla Íslands og Íslandsspil (í eigu Rauða Krossins, Landsbjargar og SÁÁ) heimild til reksturs spilakassa. Þrátt fyrir að ágóðinn eigi að renna til góðgerðamála er ljóst að einkaaðilar hagnast einnig á þessum ósóma. Algengt er að rekstrinum sé útvistað til einkaaðila og varla rennur ágóðinn óskipt til HHÍ og Íslandsspila. A.m.k. gefa upplýsingar í fyrirtækjaskrá það til kynna að rekstur spilakassa og spilasala skili þessum einkaaðilum reglulegum og umtalsverðum hagnaði. Þótt starfsemin sé heimil lögum samkvæmt þarf hún að uppfylla ýmsar kröfur reglna og samþykta sem settar eru af borgaryfirvöldum. Sækja þarf um leyfi fyrir fyrirhuguðum rekstri hjá skipulagsyfirvöldum, heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti og lögreglu. Þá þarf lögregla að leita umsagnar velferðasviðs fyrir leyfisveitingu vegna rekstri spilasala. Grípa á til heildstæðrar endurskoðunar þar sem skoðað verði hvaða leiðir séu færar til að koma í veg fyrir rekstur spilakassa í borginni og draga úr spilafíkn. Nauðsynlegt er að sérfræðingar leggi mat á það hvaða leiðir skili bestum árangri, enda ljóst að svara þarf ýmsum álitamálum þegar ráðist er í breytingar á reglugerðum og samþykktum borgarinnar. Með því að kortleggja hvaða leiðir eru færar er hægt að grípa til aðgerða sem skila markvissum árangri og draga úr skaðlegum áhrifum spilafíknar.